

Nd.

466. Frumvarp til laga

um lögreglustjóra í Búðahreppi í Fáskrúðsfirði.

Flm.: Lúðvik Jósefsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Búðahrepps, lögfræðing til þess að hafa á hendi hreppstjórastörf í Búðahreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, fógetavalda, lögreglustjórn og dómsvalda i lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita og þar með innheimtu allra hreppsgjalda.

3. gr.

Lögreglustjóri fær laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Hafi hann á hendi oddvitastörf samkv. 2. gr., fær hann að auk laun fyrir þau úr sveitarsjóði samkv. samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans skulu settar með reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Búðahrepps og sýslumannsins í Suður-Múlasýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndar Búðahrepps í Fáskrúðsfirði og almennum óskum breppsbúa.

Í bréfi oddvita, þar sem óskað er, að frumvarpið verði lagt fram á yfirstandandi þingi, er gerð grein fyrir nálinu á þessa leið:

„Aðalástæður fyrir þessari ósk vorri eru þessar:

1. Einangrun kauptúnsins vegna samgönguerfiðleika, og því erfitt að ná til sýslumanns, bæði viðvígjandi lögreglumálum og ýmiss konar lögfræðiaðstoð.
2. Störf oddvita eru orðin svo umfangsmikil, að ekki er fært að hafa þau sem hjáverkastarf, enda erfitt að fá mann í starfið.
3. Stærð kauptúnsins er orðin sambærileg við aðra þá staði, þar sem lögreglustjóri hefur þegar verið skipaður.
4. Búðakauptún er eina kauptúnið af hinum fjölmennari á Austurlandi, þar sem ekki er sýslumaður eða bæjarsógeti.
5. Búðakauptún er annar mesti útgerðarstaður á Austfjörðum, og mun útgerð þar aukast mikið á næstu árum.

Það er ósk vor, að fram sé tekið í frumvarpinu, að lögreglustjóri hafi tillögurétt í hreppsnefnd, en ekki atkvæðisrétt, nema hann sé lika hreppsnefndarmaður.

Með fylgir meðmælabréf sýslumannsins í Suður-Múlasýslu með málaleitan þessari.“

Bréf sýslumannsins er þannig:

„p. t. Fáskrúðsfirði, 5. janúar 1946.

Hér með leyfi ég mér að tjá yður, herra oddviti, að ég fellst á rök yðar fyrir því, að sérstakur lögreglustjóri sé skipaður í Búðakauptúni, og mæli með því fyrir mitt leyti, að fyrirhuguð lagasetning yðar hér að lítandi nái fram að ganga.

Kristinn Júlíusson
(settur).

Til oddvitans í Búðahreppi.“

Þá skal þess einnig getið, að 200 kjósendar í hreppnum hafa undirskrifat áskorun til hreppsnefndar um, að hún útvegi strax fastan lögreglumann fyrir kauptúnið.

Nánari grein mun gerð fyrir nálinu í framsögu.